

Leikskólinn Krílabær
Litlulaugum Þingeyjarsveit
650 Laugar
s.4643315/8420050
krilabaer@thingeyjarskoli.is

Fréttabréf júní 2024

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
2	3 Bleikja	4 Hakk og pasta	5 Steiktur fiskur Hesthúsfæri ??(ef veður leyfir)	6 Gúllas	7 jógúrt og brauð	8
9	10 Fiskilummur	11 kjötbollur	12 Pylsur og pasta	13 Slátur	14 mjólkurgrautur og slátur Andlitsmálunardagur	15
16	17	18 fiskibollur	19 Hakk og spaghetti	20 kjúklingur	21 Skyr og brauð	22
23	24 Lasagne sápuvíudagur	25 pizza	26 Hakkabuff	27 Ýmislegt úr fjárskóðskistu Höllu	28 jógúrt og brauð síðasti opnunardagur fyrir Sumarfrí	29
30						

Alla morgna er boðið uppá hafragraut, 2 tegundir kornmetis, súrmjólk, lýsi, rúsínur, mjólk og vatn. Grænmeti er borið fram með öllum mat í hádeginu.

Í nónhressingu er boðið uppá heimabakað brauð, hrökkbrauð, álegg, mjólk, vatn og ávexti. Einn dag í viku er einnig boðið sætabrauð.

Á íþróttadögum er gott að koma í stuttbuxum undir dagklæðnaði og eins er gott að dagklæðnaður sé þægilegur til íklæðslu fyrir börnin að íþróttum loknum

júní fréttabréf 2024

Minnum á mikilvægi sólarvarnarinnar.

Gott er að bera á barnið heima áður en það kemur í leikskólann og við bætum síðan á eftir hádegi ef þörf krefur. Gott er einnig að merkja sólarvörnina því stundum eru fleiri með sömu tegund.



Símasamband

Við höfum heyrt að það reynist erfitt að ná í okkur í síma, því veldur lág hringing á fastlínu símanum okkar sem okkur hefur ekki tekist að hækka í, þ.e. símanúmerið 4643315, því viljum við benda ykkur á að hringja í farsímann okkar þar er símanúmerið **8420050**

Sumarfrí

Síðasti opnunardagur fyrir sumarfrí er 28. júní og opnum við aftur eftir sumarfrí þann 7. ágúst á hefðbundnum tíma 7:45/8:00

Við óskum ykkur góðs sumars og vonum að þið njótið frísins og hlökkum til að sjá ykkur fersk og endurnærð í ágúst.

Hestúsferð

Við stefnum á hestúsferð að venju þar sem öllum býðst að fara á hestbak. Við munum taka mið af veðri og ganga í hestús. Ef einhver vill ekki að barnið fari á hestbak þá látið okkur vita.

Sulludagur

Við stefnum á sulludag í júní, þar sem allir fá að sulla í vatni og leika sér. Við munum taka mið af veðri og því ekki föst dagsetning, því er nauðsynlegt að hafa nægan aukafatnað (sem og skó) í aukafatakörfunni.